

Borgarráð  
Hjörleifur Kvaran  
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 8. apríl 2002  
R02030117  
175

**Varðar:** Umsögn um frumvörp til laga um landræðslu og afréttarmálefni, fjallskil o.fl. og þingsályktun um landgræðsluáætlun 2003-2014

Vísað er til bréfs borgarlögmanns, dagsett 19. mars 2002, þar sem þess er óskað að Umhverfis- og heilbrigðisstofa veiti umsögn um ofangreind lagafrumvörp og þingsályktunartillögu.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa hefur yfirfarið frumvörpin og gerir eftirfarandi athugasemdir við efni þeirra:

#### 1. Frumvarp til laga um landgræðslu.

Um er að ræða heildarlöggjöf á sviði landgræðslu sem er ætlað er að leysa af hólmi núverandi landgræðslulög sem eru að stofni til frá árinu 1965. Frumvarpið byggir verulega á eldri lögum en í því er þó að finna ýmis nýmæli. Til að mynda er því ætlað að kveða skýrar á um verkaskiptingu og ábyrgð á sviði landgræðslu. Frumvarpinu er ætlað að leiða til sterkari stefnumótunar í landgræðslu og kveður á um úrræðaferli sem á að stuðla betur að sjálfbærri landnýtingu en núverandi lög gera, í anda nútíma umhverfisfræða.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa gerir ekki ráð fyrir að landgræðsla, eins og hún er skilgreind í frumvarpi þessu, muni eiga sér staða í landi Reykjavíkur í náinni framtíð og því muni lítið reyna á frumvarp þetta, verði það á lögum, hvað Reykjavík varðar.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur ekki ástæðu til þess að gera efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta en vill geta þess, til upplýsingar, að kostnaður af framkvæmd frumvarpsins, verði það að lögum, skal borinn af ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, sbr. 32. gr. frv. Ráðist sveitarfélög í landgræðsluverkefni er falla ekki undir landgræðsluáætlun, sem Landgærðslunni er ætlað að gera til tólf ára í senn fyrir landið í heild sbr. 1. mgr. 6. gr. frv., greiðist kostnaður fyrir slík verkefni af sveitarfélögum nema annað sé ákveðið í lögum, sbr. 5. mgr. 5. gr. frv.

**2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/1986 , um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum.**

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum nr. 6/1986, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum, til samræmis við ofangreint frumvarp til laga um landgræðslu

Umhverfis- og heilbrigðisstofa gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

**3. Tillaga til þingsályktunar um landgræðsluáætlun 2003-2014.**

Þingsályktunartillaga þessi felur í sér ályktun Alþingis um hversu miklu fjármagni skuli varið til landgræðslu á tímabilinu 2003-2014, og hvernig skuli forgangsraða því fjármagni.

Umhverfis- og heilbrigðisstofa telur ekki ástæðu til þess að gera efnislegar athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa en vill benda á að þingsályktunartillagan byggir á framkvæmd landgræðslu í samræmi við lög nr. 17/1965, um landgræðslu, og lög nr. 43/1975, um heftingu landbrots og vargnir gegn ágangi vatna. Verði frumvarp til laga um landgræðslu, sbr. hér að ofan, að lögum, þyrfti að endurskoða þingsályktunartillögu þessa í samræmi við það.

Virðingarfyllst,

---

Ellý K. J. Guðmundsdóttir  
forstöðumaður